

Þjóðkirkjan - Biskupsstofa



Reykjavík, 27. apríl 2021

Til sóknarnefnda, presta og prófasta

Vísað er til bréfs biskups Íslands, dags. 23. apríl 2021, vegna Covid 19.

Aflað hefur verið staðfestingar heilbrigðisráðuneytisins á því að aðalsafnaðarfundir, aðrir safnaðarfundir, héraðsfundir og aðrir slíkir fundir á vegum Þjóðkirkjunnar falla undir þær breytingar á samkomutakmörkunum sem kynntar voru í framangreindu bréfi biskups. Þannig má halda slíka fundi þar sem allt að 100 manns geta verið viðstaddir í einu, enda séu þau skilyrði sem fram koma í reglugerð heilbrigðisráðherra uppfyllt. Skilyrðin eru jafnframt talin upp í bréfi biskups.

Sé ekki unnt að uppfylla skilyrðin skal fundur fara fram í samræmi 1. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 404/2021 þar sem segir í 1. mli:

„Í takmörkun á samkomum felst að fjöldasamkomur eru óheimilar á gildistíma þessarar reglugerðar. Með fjöldasamkomum er átt við það þegar fleiri en 20 einstaklingar koma saman, hvort sem er í opinberum rýmum eða einkarýmum.“

Einnig skal í þessu sambandi gætt að ákvæðum 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar þar sem segir:

„Á samkomum, öllum vinnustöðum og í allri annarri starfsemi, meðal annars þeirri sem talin er upp í 3. gr., skal tryggja að hægt sé að hafa a.m.k. 2 metra á milli einstaklinga sem ekki eru í nánum tengslum.“

Hér er tengill á reglugerð um takmörkun á samkomum vegna farsóttar nr. 404/2021:

<https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=71bd992a-6103-4e67-aaca-dd92422f0e5e>

Hér er tengill á reglugerð nr. 427/2021 um breytingu á reglugerð um takmörkun á samkomum vegna farsóttar nr. 404/2021:

https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=178e1eda-5f7c-4460-9b2b-5ea48db0e8cd&fbclid=IwAR3rxeVu4FOSC5P2q1MAUaK3RvTsh5Fz71_XtvRbEWetvoV3P2X8NOUWrOU

Að sjálfsögðu ber að virða öll önnur ákvæði framangreindra reglugerða eins og við á hverju sinni.

Sá sem boðar fund og/eða annast framkvæmd hans ber ábyrgð á því að gildandi og viðeigandi lögum og reglum sé fylgt í hvívetna.

Minnt er á að í gildi eru tilmæli Almannavarna frá 20. apríl 2021, um að „við höldum mannamótum í lágmarki og ferðumst ekki á milli landshluta nema brýna nauðsyn beri til.“

Virðingarfyllst, f.h. biskups Íslands

Guðmundur Þór Guðmundsson, skrifstofustjóri Þjóðkirkjunnar - Biskupsstofu